



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Styrkir - tillaga styrkahóps menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 9. desember 2019 voru samþykkt samningsdrög við KFUM og KFUK, Skátasamband Reykjavíkur og Taflfélag Reykjavíkur. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi tillaga styrkjahóps menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og hún samþykkt og vísað til kynningar borgarráðs.

Styrkjahópurinn gerir ekki athugasemdir við að gerðir séu áframhaldandi samningar við KFUM/KFUK, Taflfélag Reykjavíkur, Skátasamband Reykjavíkur að svo stöddu. Hins vegar leggur styrkjahópurinn til að fyrirkomulag styrkjasamninga verði endurskoðað frá árinu 2021.

Styrkjahópur leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á umhverfi samstarfssamninga á vegum ÍTR.

- Útbúinn verði sjóður fyrir alla aðila, utan ÍBR, sem eru með lengri samning við Reykjavíkurborg í gegnum íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR).
- Skrifaðar verði samræmdar reglur um sjóðinn og allir samningarnir taki mið af því.
- Samningarnir í sjóðnum verði til 2-3 ára.
- Samningarnir miði við fasta upphæð á hverju ári, og geti tekið mið af hagræðingarkröfum borgarráðs.
- Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð fái árlega yfirlit um skuldbindingu sjóðsins fram í tímann.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.